

Námsáætlun

Kennari : Jóhanna M. Tryggvadóttir johannamt@fg.is

Áfangi: TEIK1gr05

Áfangalýsing:

Hægra heilahvelið virkjað, farið verður m.a. í teikniæfingar sem Dr. Betty Edwards hefur þróað og eiga að auka einbeitingu og gera nemendur næmari fyrir öllum sjónrænum upplýsingum. Æfingarnar kenna nemendum að líta á hlutina hlutlægt en ekki út frá fyrirfram gefnum hugmyndum.

Formgreining og gagnsæishugsun, teikniæfingar þar sem áhersla er lögð á hvernig allt í umhverfinu er byggt upp úr frumformunum, hring, þríhyrningi og ferhyrningi og nemendum kenndar ýmsar skyggingar aðferðir með grátónaskalanum til að móta formin úr tvívíðri línuteikningu í að sýnast þrívíð á tvívíðum fleti. Samspil línu ljóss og skugga skoðað.

Rýmisteikning innanhúss og utan, þar sem nemendur læra reglurnar um eins, tveggja, og jafnvel þriggja og fjögurra punta fjarvídd og þjálfast í að teikna myndir út frá þeim reglum og dýpka þannig skilning sinn á umhverfi sínu .

Málun. Nemendur læra að stækka fjarvíddarteikningu og fá málunar verkefni um miðja önn til að brjóta upp teiknivinnuna.

Áferðir og línur, nemendur kanna fjölbreytileika línunnar og hinna ýmsu áferða með fjölbreyttum teikniæfingum o.fl.

Módelteikning og teikning eftir uppstillingum, Nemendur fá kynningu á mælingaraðferðum

LÓGÓ (vörumerki)

Verkefnið er unnið í fatafilmu fyrir textíl þar sem efnið er skorið út í vínylskera og hitapressað á textíl í Makerspace, sem er á bókasafni FG.

Farið verður í fleiri verkefni ef tími vinnst til.

Heimavinna Nemendur vinna skissur heima og lögð áherla á að nota hvaða pappír sem er auk skissubókar sem nemendur fá, nýta líka það sem annars er hent. Þeir fá þannig þjálfun í að setja hugmyndir sínar fram á sjónrænan hátt, og þjálfast þannig í persónulegri tjáningu. Nemendur vinna bæði fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara, sem verða sett inn á Innu jafnóðum og auk þess eiga nemendur að vinna skissur og hugmyndir frá eigin höfði.

Íslensk samtímalist. Nemendur kynnast íslenskum samtímalistamönnum / hönnuðum bæði í tímum og með því að fara á sýningar. Farið verður í eina sýningaferð með kennara á önninni þar sem nemendur skila skriflegri greinagerð um sýninguna, en nemendur eru einnig hvattir til að fara á eign vegum og uppgötva þannig heim myndlistar og hönnunar.

Verkefnaáætlun verður sett á Innu og uppfærð tvær til fjórar vikur fram í tímann.

Skrásetja í Ferilmöppu. Nemendur á Myndlistar- og Fatahönnunarbrautum og Hönnunar- og markaðsbraut eiga að búa til möppu inni í One drive sem heitir Ferilmappa. Á meðan á áfanganum stendur taka nemendur ljósmyndir af verkum sínum á nokkrum stöðum í ferlinu og búa til möppu inn í ferilmöppunni með nafni áfangans og setja myndirnar þar inn. Í lok áfangans eiga nemendur að deila ferilmöppunni með kennaranum. Þessi mappa verður metin til einkunnar í hverjum áfanga fyrir sig. Þessi myndabanki verður svo lagður til grundvallar áfanga sem heitir Femy3tv05 þar sem nemendur læra að útbúa sína eigin ferilmöppu stafrænt í lok náms.

Þekkingarviðmið *Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- hvernig teikning dýpkar skilning okkar á umhverfinu
- hvernig þjálfá má virkni hægra heilahvelsins með ýmsum æfingum
- hvernig grunnformin móta alla hluti í umhverfi okkar
- hvernig breyta má tvívíðri línuteikningu svo sýnist þrívíð með réttum skyggingaraðferðum
- hvernig mismunandi teikniáhöld gefa mismunandi línu og áferðir.
- hvernig teikna á mannslíkamann í fötum í réttum hlutföllum svo sýnist eðlilegur í rými.
- hvernig teikna má rými með fjarvíddarteikningu
- hvernig listamenn og hönnuðir vinna hugmyndavinnu

Leiknisviðmið *Nemandi skal öðlast leikni í að*

- teikna eftir fjölbreyttum fyrirmyndum m.a. lifandi módeli með blýanti og penna og fleiri áhöldum svo sýnist eðlileg í rými
- breyta línunum og formum á tvívíðu blaði svo sýnist þrívíð með réttri skyggingu
- teikna fatnað á lifandi manneskju svo sitji rétt á líkamanum
- teikna rými í eins og tveggja punkta fjarvídd
- vinna persónulega skissu- og hugmyndabók
- ræða um eigin verk og annarra

Hæfniviðmið *Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- fá aukin tækifæri til persónulegrar tjáningar
- teikna eftir fyrirmyndum með mismunandi teikniáhöldum sem er metið með verkefnum
- geta dregið fram þrívídd hluta með skyggingu
- Vinna áfram hugmyndir sem kvikna í kennslustund.
- meta og ræða um eigin verk og annarra sem er metið með sjálfryni og jafningjamati

Námsmat: Þetta er símatsáfangi og öll verkefni verða metin til einkunnar svo og ástundun og virkni í tímum og umræðum. Metið verður meðal annars með tilliti til sjálfstæðis, tækni, fagurfræði, hugmyndaauðgi, vinnusemi og vinnubragða og hvernig nemandi tekur leiðsögn.

Mæting og virkni **20%**
Skissubók **20%**
Verkefni **60%**

87% Raunmæting.

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%. Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir. Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum. Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.

Nauðsynlegt er að nemendur séu virkir í að skoða verkáætlun á innu.